



# Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

## Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa apríl 2006

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

### Fundur 19. mars 2006

Sameinigarkosningar verða 8. apríl nk.

### Fundur 26. mars 2006

Farið yfir kjörskrá, engar athugasemdir. Samþykkt samhljóða.

### Fundur 5. apríl 2006

Framkvæmdir fráveitu og leiksvæðis. Send verður fyrirspurn til Halldórs hjá Teikn á Lofti og óskað nánari skýringa á kostnaðaráætlum vegna fráveitu. Framkvæmdir við leiksvæði verða ræddar nánar við Halldór.

Uppgjör framlaga sem borist hafa frá jöfnunarsjóði fyrir árið 2005. Áætlun almenn framlög árið 2006 eru 4.553.798 kr. Leiðréttingar vegna ársins 2004 eru 792.575 kr.

Bréf barst frá HAUST þar sem tilkynnt er um frest til að skila inn fullnægjandi gögnum um innra eftirlit vatnsveitunnar. Samþykkt var fyrirbyggjandi áætlun um innra eftirlit og afrit sent til HAUST.

Tekin til kynningar árssreikningur Hafnarsambands sveitarfélaga.

Svarbréf barst frá vegagerðinni vegna óskar um styrk vegna viðgerðar á Stóralæk, svar mun berast í lok máí.

Bréf barst frá SSA vegna rekstrarvanda heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Rauða kross deildin á Vopnafirði hefur óskað eftir frekari samstarfi og er því tekið fagnandi.

## Fundur 10. apríl 2006

Símafundur. Tveir fulltrúar tilnefndir í verkefnisstjórn vegna sameiningar sveitafélaganna. Marinó Jónsson og Áki Guðmundsson voru tilnefndir samhljóða. Fyrsta verkefni verkefnisstjórnar skal vera að leita staðfestingar Félagsmálaráðuneytis á sameiningu Þórhafnar- og Skeggjastaðahrepps og hins vegar að efna til samkeppni um nafn á sameinað sveitarfélag.

## Fundur 18. apríl 2006

Símafundur. Bréf til Félagsmálaráðuneytis samþykkt samhljóða.

## Fundur 27. apríl 2006

Ákveðið var að kjósa Jón Marinó Oddsson sem aðalmann í yfirkjörstjórn og Klöru Valgerði Sigurðardóttir sem varamann, vegna sveitarstjórnarkosninganna 27. maí nk.